

Stjórnarfundur BFB 14. Júní 2017.

Haldinn á Mokka Reykjavík. Mætt voru Þorgrímur Guðbjartsson, Hanna Kjartansdóttir og Sigrún Indriðadóttir.

Fyrsta verk stjórnar var að skipta með sér verkum.

Þorgrímur Guðbjartsson formaður

Hanna Kjartansdóttir gjaldkeri

Sigrún Indriðadóttir ritari.

Handverkshátíð:

Það eru komnir 5 aðilar sem ætla að taka þátt, ákveðið að senda ítrekum til félagsmanna. Sigrún tekur að sér að sjá um samskipti við framkvæmdastjóra Handverkshátíðarinnar.

Fundur með Krónu og Samkaupsmönnum, Þorgrímur mun svara þeim.

Sótt var um fjármagn til ráðherra fyrir tvö verkefni, samstarfsverkefni og verkefni á vegum félagsins.

Fram kom tillaga á síðasta aðalfundi um að gera myndband um valda bæi innan félagsins. Rætt um að kanna það mál betur.

Auglýsingaherferð RÚV, samþykkt að taka aftur þátt í henni.

Teknir inn nýjir félagar, Vatnsenda, 801 Selfossi.

Lögð fram gögn sem lögð verða fram á fundi með ráðherra (Þorgerði Kartrínu) þennan sama dag 14. Júní.

Fundi slitið og haldið á fund með ráðherra.

Sigrún Indriðadóttir ritari BFB

Fundur með ráðherra Þorgerði Katrínu landbúnaðarráðherra þann 14. Júní 2017, í Landbúnaðarráðuneytinu. Mættir voru á fundinn Þorgrímur Guðbjartsson, Hanna Kjartansdóttir, Sigrún Indriðadóttir, ráðherra og aðstoðamaður ráðherra.

Ráðherra afhent efni fundarinnis í prentaðri skýrslu, efnið rakið og umræður teknar meðfram því. Ráðherra lofaði að skoða málið en lofaði hins vegar engum umbótum. Afurðamál s.s. lækkun afurðaverðs til bænda bar á góma og ótti okkar um að sláturkostnaður til heimtöku mundi e.t.v hækka. Ráðherra taldi það okkar mál (bænda) að gera eitthvað í því enda ættum við afurðastöðvarnar. En okkur var engu að síður vel tekið, og lofað að skoða málið.

Fundi slitið

Sigrún Indriðadóttir ritari BFB